

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 5. maí kl. 13:10 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1255. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Dagný Geirdal, og Böðvar Páll Jónsson. Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurgerði 1 - USK26020380

Sótt er um leyfi til að bæta við bílastæði á lóð, stækka með viðbyggingu, breyta útliti og innra skipulagi og fjölga eignum í fjórar með því að breyta bílskúr í íbúð og innrétta tvær íbúðir í kjallara í íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Austurgerði.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaltekningum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

2. Ármúli 38 - USK26020139

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0202, fjölga eignum og innrétta tvær íbúðir, íbúð 0202 og íbúð 0203 á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.03, á lóð nr. 38 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 30. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Baldursgata 30 - USK26020221

Sótt er um leyfi til breyta noktun og innra skipulagi og innrétta sem íbúð rými 0101 á jarðhæð sambýlishúss, mhl.03, á lóð nr. 30 við Baldursgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 1. október 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. Bergstaðastræti 24 - USK26040150

Sótt er um leyfi til afskrá þegar fjarlægða geymslu, mhl.70, og byggja vinnustofu, mhl.02, við lóðarmörk að lóð nr. 6 við Bjargarstíg á lóð einbýlishúss nr. 24 við Bergstaðastræti.

Stærð Mhl.70: 7.2 ferm., 0.00 rúmm.

Stærð Mhl.02: 35.6 ferm., 128.3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Borgartún 28 - USK26040166

Sótt er um leyfi til að koma fyrir nýrri flóttahurð á vesturhlið 1. hæðar, breyta notkun og innréttu sem geymslurými með samtals ? geymslum til útleigu á 1. hæð og í kjallara rýmum 0102 í verslunarhúsi, mhl.05, á lóð nr. 28 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 45 – breytingaerindi - USK26030399

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061778, með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að loftræstingu og brunahólfun er breytt lítillega í stigahúsum F og G í fjölbýlishúsi á lóð nr. 41 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnarefirlitsins.

7. Borgartún 8-16A - USK26030229

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu skrifstofur og móttökusvæði ásamt viðtalrymum og starfsmannaðstöðu fyrir þjónustu og upplýsingatækni í rýmum 0102, 0103 og 0107 í skrifstofuhúsi við Borgartún 12-14 , mhl.01, á lóð nr. 8-16A á lóð við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V02 dags. 7. apríl 2026og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 14. september 2021.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Dragháls 18 - USK26020262

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi allra hæða í húsi á lóð nr. 18 við Dragháls

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

9. Efstasund 80 - USK26010427

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057633 þannig að staðsetningu bílskúrs er breytt og hann færður 30 cm frá lóðamörkum nr. 78 og til að byggja stoðvegg með fallvörn við tvíbýlishús á lóð nr. 80 við Efstasund.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa dags. 26. nóvember 2025 og 1. ágúst 2025 og samþykki meðeiganda í húsi dags. 23. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. Engjavegur 6 - USK26020140

Sótt er um leyfi til að klæða með álklaðningu mhl. 01 sem er skrifstofuhús á lóð nr. 6 við Engjateig.

Erindi fylgir samþykki eiganda ódagsett og yfirlit breytinga dags. 20. ágúst 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

11. Eyjarslóð 5 - USK25050488

Sótt er um leyfi til að koma fyrir hringstiga og vörulyftu á norðausturhlið og til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í smábrugghúsi á lóð nr. 5 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 1. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Fiskislóð 53 – breytingaerindi - USK26020220

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010089 með því að breyta innra skipulagi á 1. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 53 við Fiskislóð.

Erindi fylgir greinagerð brunavarna frá Örugg dags. 11. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Fylkisvegur 6 - USK26040017

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í flokki II, teg. c í rými 0111 og 0114 í áhorfendastúku á lóð nr. 6 við Fylkisveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Gjúkabryggja 8 - USK26020157

Sótt er um leyfi til að byggja 3.- 4. hæða steinsteypt fjölbýlishús með 110 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 57 stæðum á lóð nr. 8 við Gjúkabryggju.

Stærð mhl. 01, 14.515,3 ferm og 38.403,5 rúmm.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Örugg dags 11. febrúar 2026, hljóðvistargreinagerð frá Lotu dags. 3. febrúar 2026,

Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags 17. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grænahlíð 14 - USK26030250

Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi rýma í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 14 við Grænuhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hverfisgata 105 - USK26040422

Sótt er um leyfi til að breyta erindum BN030184, BN037788, BN038972, BN057158 og USK24030044 með því að innrétta íbúðir í rýmum 0201, 0304 og 0305, gera tvennar nýjar svalir og stækka kvist í rými 0405 í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 105 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir greinagerð hönnuðar ódagsett og yfirlit breytinga dags. 14. október 2008 og 16. júlí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hólmgarður 12 - USK26030086

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0201, hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, auk þess er sótt um að innrétta íbúðarrými í risi og gera innbyggðar svalir í suðausturhorni þaks í húsi á lóð nr. 12 við Hólmgarð.

Stækkun: 64,1 ferm. og 118,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

18. Hólmsheiðarvegur 151 - USK25110054

Sótt er um leyfi til að byggja geymslu, stálgrindarhús klætt samlokueiningum sem verður mhl. 09 á lóð nr 151 við Hólmasheiðaveg.

Stærð: 1000 ferm., 6.980 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem fyrir er þinglýst eignaskiptayfirlýsing um fasteignirnar. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu/yfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

19. Ingólfsstræti 19 - USK26030134

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi hreyfihamlaðra og uppfæra brunahönnun í kirkju Aðventista á lóð nr. 19 við Ingólfsstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Iðunnarbrunnur 13 - USK25060189

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tveggja hæða tvíbýlishús á kjallara á lóð nr. 13 við Iðunnarbrunn.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025 og samþykki lóðarhafa Iðunnarbrunnis 11 og 15 dags. 16. apríl 2026.

Stærð: 400,3 ferm., 1.134,6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Írabakki 2 - USK25110312

Sótt er um heimild til að fjarlægja 4 bílastæði til að koma fyrir djúpgámum við fjölbýlishús Félagsbústaða á lóð nr. 2-16 við Írabakka.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa vegna erindis USK25060310 dags. 24. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Jónsgeisli 91 - USK25080037

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, sameina notkunareiningar, koma fyrir stiga að millilofti í anddyri, byggja opið geymslurými við suðurhlið og innrétta áfengisframleiðslu í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 91 við Jónsgeisla.

Stækkun A - rýmis: 79.6 ferm., 00.0 rúmm.

Stækkun B - rýmis: 245.0 ferm., 777.9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á teikningu 1.3 og aðaluppdrætti samþykktum 11. september 2007.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

23. Jöklasel 2 - USK26040045

Sótt er um leyfi til að bæta við einni inngangshurð á húsið og gera smávægilegar breytingar á innra skipulagi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Jöklasel.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Klettagarðar 12 – breytingaerindi - USK26030063

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að stækka tvö milligólf í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Klettagarða.

Stækkun: 1.037 ferm og 1.320,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Klettagarðar 21 – breytingaerindi - USK26030347

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010240 með því að fjarlægja hurð og breyta flóttaleiðum í lagerbyggingu á lóð nr. 21 við Klettagarða.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

26. Korngarðar 2 – breytingaerindi - USK26020185

Sótt er um leyfi til breyta erindi USK25080227 með því að innrétta tvö fundarherbergi í suðausturhluta atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Korngarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Kringlan 4-6 - USK26040213

Sótt er um leyfi til að innrétta æfingasal í rými S-150 á 1. hæð í mhl. 02 á lóð nr. 4 - 12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Jafnframt er erindi USK26010269 dregið til baka.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

28. Miklabraut 101 - USK26030294

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í fl. I, teg. c, í verslunarhúsi á lóð nr. 101 við Miklubraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á eldri samþykktum teikningum.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

29. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss og bílskúrs á lóð nr. 11 við Miðtún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 28. maí 1942 og samþykki aðliggjandi lóðarhafa í Miðtúni 13 og Samtúni 22 dags. 2. nóvember 2025.

Synjað með vísan til athugasemda

30. Móvað 35 - USK26020020

Sótt er um leyfi til að breyta skipulagi á lóð, reisa gróðurhús og klæða með málmklæðningu einbýlishús á lóð nr. 35 við Móvað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Nesvegur 47 - USK25100267

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu á tveimur hæðum við einbýlishús á lóð nr. 47 við Nesveg.

Stækkun: 72.0 ferm., 191.9 rúmm.

Erindi fylgja skuggavarpsteikningar nr. 150 og 151 dags. 24. febrúar 2026, samantekt hönnuðar á breytingum dags. 2. desember 2025 og afrit af samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

32. Pósthússtræti 17 – breytingaerindi - USK25110119

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060086 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt og gerðar minni háttar útlitsbreytingar, sorp og gasgeymslur færðar og sameinaðar, loftræstisamstaða, sprinkler og rafmagnstafla færð til og brunavarnir uppfærðar á veitingastað í flokki II teg A fyrir alls 130 gesti í veitingarhúsinu Skólalabru á lóð nr. 17 við Pósthússtræti.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 9. febrúar 2026, umsögn Minjastofnunar dags. 5. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. september 2025

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Reykjavegur 19 - USK26030505

Sótt er um leyfi til að reisa forsmíðuð timburhús við mhl. 02, 03 og 04 og fjölga þannig kennslustofum um sex og til að byggja mhl. 05 úr samtengdum stáleiningum, klæddum timbri og báruáli og innrétta þar matsal, kennslustofur og starfsmannaaðstöðu á lóð nr. 19 við Reykjaveg.

Erindi fylgir brunahönnun frá COWI dags. 27. mars 2026.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun:

Mhl. 01: 162,8 ferm., 578,3 rúmm.

Mhl. 02: 535,3 ferm., 1.899,7 rúmm.

Mhl. 03: 349,8 ferm., 1.243,9 rúmm.

Mhl. 04: 349,8 ferm., 1.243,9 rúmm.

Mhl. 05: 872,2 ferm., 2.878,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Réttarbakki 17 - USK26040015

Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokun á efri hæða og byggja sólskála við neðri hæð raðhúss á lóð nr. 17 við Réttarbakka.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

35. Sifjarbrunnur 28 - USK26040167

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056951 og breyta þremur gluggum vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 28 við Sifjarbrunn.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

36. Skipholt 44 - USK25060044

Sótt er um leyfi til hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafli rishæðar íbúðarhúss á lóð nr. 44 við Skipholt.

Stækkun: 52,4 ferm., 178,0 rúmm.

Eftir stækkun: 535,2 ferm., 1.506,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki eigenda Skipholts 44-50 dags. 10. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

37. Skipholt 50 - USK25070358

Sótt er um leyfi til hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafli rishæðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 50 við Skipholt.

Stærð eftir breytingar: 535,2 rúmm., 1506,7 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 29. september 1955. og samþykki meðeigenda dags. 10. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

38. Skipholt 50D - USK26020451

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu tannlæknastofu í rými 0401 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 50D við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og minnisblað frá Geislavörnum ríkisins, dags: 25. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

39. Skógarhlíð 10 - USK23060256

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í gististað í fl. IV m.a. með því að stækka anddyri, einnig er sótt um leyfi til að koma fyrir rútustæði við hús á lóð nr. 10 við Skógarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 31. október 2017 og samþykki annarra eiganda ódagsett.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Skútuvegur 1H - USK26040114

Sótt er um leyfi til að stækka milligólf og innrétta sem fundaraðstöðu, skrifstofur og kaffistofu starfsmanna í rými 0?0? á 2. hæð í skrifstofu- og vörugæymsluhúsi við Skútuveg 1H, á lóð nr. 1 við Skútuveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Sogavegur 3 – breytingaerindi - USK26040216

Sótt er leyfi til að breyta erindi USK23030201 með síðari breytingum, þannig að gluggar á kjallara eru fjarlægðir og starfsmannainngangur færður til, hæðamunur kjallaragólfs er jafnaður út, porti á 1. hæð er lokað með vegg og vöruhurð ásamt því að innra skipulagi kjallara er breytt í verslunarhúsi á lóð nr. 3 við Sogaveg.

Erindi, sem er framhald af erindi USK26020378, fylgir og skýrsla brunahönnuðar dags 23. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Stefnisvogur 54 - USK26040023

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3 - 7 hæða fjölbýlishús fyrir samtals 86 íbúðir á sameiginlegum bílakjallara með 72 bílastæðum, geymslum og tæknirýmum á lóð nr. 54 við Stefnisvog.

Stærð: 10.548.0 ferm., 32.963,9 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 27. mars2026 og greinagerð Cowi um hlóðvist útgáfa 1.0 dags. 01. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Stigahlíð 86 - USK26030061

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24110322 þannig að grunnformi og innra skipulagi er breytt, og stærðir og skráningartafla uppfærð fyrir einbýlishús á lóð nr. 86 við Stigahlíð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

44. Stjörnugróf 31 - USK26040152

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu úr timbri við suðausturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 31 við Stjörnugróf.

Stækkun: 67.8 ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Síðumúli 10 - USK25060269

Sótt er um byggingarheimild fyrir baklýstu skilti á stálgrind staðsett við suðvestanverð lóðarmörk á lóð nr. 10 við Síðumúla.

Stærð: 1.40 x 1.40m x 2.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa dags. 5. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

46. Thorsvegur 1 - USK25050334

Sótt er um að byggja tveggja hæða stálgreindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Stærð: 740.1 ferm., 3.657.1rúmm

Erindi fylgir samantekt breytinga dags. 12. mars 2026, greinargerð hönnuðar dags. 15. desember 2025, greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025, útreikningar u-gilda útg. 1 dags. 11. desember 2020 og hæðablað fyrir skika 8 dags. 19. febrúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

47. Valshlíð 1 – breytingaerindi - USK26020461

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145 með síðari breytingu USK22122966, þannig að texti um brunavarnir er uppfærður í byggingarlýsingu fjölbýlishúss á lóð nr. 1 við Valshlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum..

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

48. Víðimelur 78 - USK26020318

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi og innréttu íbúð í rými 0001 í sambýlishúsi á lóð nr. 78 við Víðimel.

Erindi fylgir greinagerð umsækjanda dags. 7. apríl 2026, samþykki meðlóðarhafa dags. 18. febrúar 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024, og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Ystibær 9 - USK26040151

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem felast í að bílskúr hefur verið stækkaður, komið fyrir nýjum gluggum á norðurhlið og að lóðarmörkum að Ystabæ nr. 7, þvottahús hefur verið stækka með því að fylla upp í port á milli húss og bílskúrs, sólstofa hefur verið byggð við suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Ystabæ.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm

Breyting er byggð á erindi BN060765 sem samþykkt var 14. júní 2022, en er fallið er úr gildi án þess að gefið hafi verið út byggingarleyfi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Þönglabakki 6 - USK26010247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi snyrtistofu í rými 0102 í mhl 07 í húsi á lóð nr. 6 við Þönglabakka. Yfirlit breytinga fylgir með. Snyrtiherbergjum fækkað um tvö og fót snyrtingastólum komið fyrir ásamt aðstöðu til handsnyrtinga

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Fundi slitið kl. 14:30

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir**